

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Netfang: sm@sm.is

Selfossi, 28. febrúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Til LEX hefur leitað Grímsnes- og Grafningshreppur, Félagsheimilinu Borg, Selfossi, og falið undlrituðum lögmanni að senda fyrir hönd sveitarfélagsins umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (hér eftir „frumvarpið“) sem var birt á samráðsgátt 12. febrúar 2020. Á samráðsgátt er tiltekið að umsagnarfrestur sé til 27. febrúar 2020 en veittur hefur verið frestur til 28. febrúar 2020 til að senda inn umsögnina.

Umsögn um tillögu að breytingu á sveitarstjórnarlögum.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að lágmarksíbúatala sveitarfélaga verði 1.000 íbúar og að ráðherra beri að hlutast til um sameiningu sveitarfélaga ef íbúatala hefur verið undir framangreindum mörkum í þrjú ár samfleytt. Hægt sé að veita tímabundna undanþágu frá lágmarksíbúafjölda í fjögur ár.

Grímsnes- og Grafningshreppur mótmælir því að fært verði inn ákvæði í lög um lágmarksíbúatölu í sveitarfélögum.

Í *fyrsta lagi* er á það bent að umrætt viðmið um 1.000 manns er töluvert hærra en hefur áður verið í löggjöf en í brottföllnum lögum hefur lengst af verið miðað við 50 manns og löggjafinn ekki talið sig geta gengið lengra án samþykkis sveitarfélaga. Því bendir margt til þess að þetta fyrirkomulag gangi gegn sjálfstjórn sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Á það er bent að engin greining virðist liggja fyrir hvaða áhrif þetta viðmið mun hafi á sveitarfélögin með tilliti til viðmiða í eldri lögum.

Í *öðru lagi* er á það bent að í brottföllnum lögum hefur verið kveðið á um að sveitarfélög geti fengið undanþágur ef þau hafa íbúafjölda undir viðmiði um lágmarksíbúafjölda vegna sérstakra aðstæðna. Í frumvarpinu er einvörðungu gert ráð fyrir að slík undanþága geti verið tímabundin til fjögurra ára. Verður að telja að það gangi einnig of langt.

Í *þriðja lagi* er gagnrýnt að verulega hefur skort á samstarfi í undirbúningi að gerð frumvarpsins við smærri sveitarfélög. Í reynd eru stærri sveitarfélög að tala fyrir hönd þeirra smærri.

Í *fjórða lagi* er það gagnrýnt að engin almennileg ábatagreining hefur farið fram en það ætti að vera vel hægt að framkvæma slíka könnun á hagrænum áhrifum frumvarpsins. Þá eru markmið löggjafans með þvingaðri samelningu smærri sveitarfélaga í frumvarpinu verulega óljós, þá sérstaklega umfjöllun um inntak sjálfsbærni sveitarfélaga. Bent er á að í gildandi sveitarstjórnarlögum eru ekki ákvæði um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga heldur er þar áhersla lögð á samvinnu. Grímsnes- og Grafningshreppur er ósammála þeirri nálgun að slík samvinna skapi meira ógagnsæi fyrir borgara en stækkun sveitarfélaga. Bent er á að í

athugasemdom fyrir frumvarp það er varð að gildandi sveitarstjórnarlögum kemur fram að smæð sveitarfélaga sé ekki ávallt hvatinn fyrir samvinnu sveitarfélaga. Stækkun sveitarfélaga kemur ekki í veg fyrir samvinnu þeirra. Samvinna er að mati Grímsnes- og Grafningshrepps mun farsælli farvegur til þess að tryggja lögbundna þjónustu hjá sveitarfélögum enda fer þá fram mat á hvaða ávinning slíkt samstarf hefur í för með sér með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Loks er bent á að Ísland er fámennnt og strjálbýlt og er þannig að verulegu leyti öðruvísi en hin Norðurlöndin. Við skipulag sveitarfélaga hér á landi er því ekki hægt að horfa til samanburðar á fyrirkomulag á honum Norðurlöndunum.

Umsögn um tillögu að breytingu á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Grímsnes- og Grafningshreppur mótmællir því að haldið verði eftir fjármunum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sameiningar sveitarfélaga og byggir á því að það verði einfaldlega að greiða aukalega þessa fjármuni í Jöfnunarsjóð komi til sameiningar. Þá er líka óljóst af efni ákvæðisins hvornig það skuli framkvæmt, t.d. hvort eigi að draga frá tekjum sjóðsins framlög vegna málefna fatlaðs fólks og að því loknu taka frá 100 m.kr. og því næst úthluta öðrum framlögum. Minnt er á að handhöfum framkvæmdavalds er óheimilt taka ákvarðanir um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllt,



Óskar Sigurðsson hrl.